



Árnesi, 17. apríl 2024

Mál númer: M202404-0057

Umsögn vegna tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár í kynningarferli - Höfðaflátir

Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár í samræmi við 2. mgr. 36. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hefur lagt fram tillögu að Höfðaflátir við Vörðufell verði verndaðar.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er í gildi hverfisvernd á Höfðaflötum. Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu. Stuðlað verði að endurheimt fyrri landgæða og mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru eftirfarandi:

- Hefðbundnar nytjar, s.s. ræktun, beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu ef þörf krefur.
- Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Þar sem hverfisvernd tekur til vatna og tjarna tekur verndarsvæðið að jafnaði til 50 m beltis á bökkum þeirra, auk vatnasvæðis.
- Röskun votlendis er óheimil nema brýna nauðsyn beri til. Við veitingu framkvæmdaleyfis fyrir framræslu votlendis skal gera grein fyrir því hvar svæði verði endurheimt í staðin.
- Öll vélknúin umferð skal fylgja viðurkenndum leiðum. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu vegna ákveðinna verkefna í samráði við umráðendur lands og/eða Umhverfisstofnunar.

Mikilvægt er að benda á að ekki er hægt að nýta þetta land öðruvísi en til beitar þar sem uppspretta vatns kemur öðrumegin frá Vörðufelli en hinumegin er Hvítá þar sem árbakki Hvítár situr hærra í landinu. Það er því ekki hægt að framræsa landið með neinum hætti og því engin hætta á að hægt sé að raska votlendi svæðisins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur því ekki þörf á frekari friðun svæðisins og hvetur Umhverfisstofnun til að draga til baka tillögu að því að Höfðaflátir verði settar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti / Sveitarstjóri